

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1055
komudagur 23. 2. 2004



BYGGÐARANNSÓKNASTOFNUN
ÍSLANDS

UMSÖGN UM TILLÖGU TIL ÞINGSÁLYKTUNAR UM GERÐ JARÐGANGA
UNDIR VAÐLAHEIÐI (ÞSKJ. 579 - 421. MÁL)

Jarðgöng undir Vaðlaheiði, milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals, eru mikilvæg vegtenging milli Eyjafjarðar, Þingeyjarsýslna og Austurlands. Greiðar samgöngur við nágrennabyggðir og aðra landshluta eru nauðsynleg forsenda fyrir þróun Eyjafjarðarsvæðisins sem megin þéttbýlis utan höfuðborgarsvæðisins. Jarðgöng undir Vaðlaheiði eru einn mikilvægasti áfanginn í því að greiða þessar samgöngur og tengja nágrennabyggðir í austri við fjölmennasta svæði norðurlands. Aðgerðir sem þessar geta einnig verið mikilvægur liður í því að ná því markmiði stefnumótandi byggðaáætlunar ríkisstjórnarinnar að styrkja byggð á Eyjafjarðarsvæðinu.

Í greinargerð með þingsályktunartillögu um byggðaáætlun fyrir árin 2002-2005 kom fram að ef svo öflugur þéttbýlisstaður (sem Akureyn) sé innan t.d. 2-3 klst. akstursfjarlægðar fái íbúar á grannsvæðum betri aðgang að þjónustu, afþreyingu, menningarstarfsemi, menntun og sérhæfðri heilbrigðisþjónustu og þar með batni búsetuskilyrði þeirra. Skilyrði til atvinnurekstrar batni væntanlega líka vegna nálægðar við þjónustu, þekkingu, stærri markað og fleiri viðskiptatækifæri, auk þess sem ferðamannastraumur eykst.

Bygðarannsóknastofnun telur eðlilegt að komið verði á fót undirbúningsþópi samgöngumáðbenna og Greiðrar leiðar ehf. sem m.a. hefði það verkefni að standa að frekari athugasemum á samfélags- og efnahagslegum áhrifum vegtengingar um jarðgöng undir Vaðlaheiði, auk þess að koma til hlítar fjárhagslegar forsendur slíke rár jarðgangagerðar. Stofnunin tekur þú efnislega undir þessa þingsályktunartillögu, enda geti hún miðað að venulegri eflingu byggðar á svæðinu.

Hér er loks bent á að frekari rökstuðning og umfjöllun um þennan jarðgangakost má m.a. finna í tillögu starfshóps um samgöngumál sem var að störfum fyrri hluta árs 2003 vegna gerðar byggðaáætlunar fyrir Eyjafjörð.

Höfundar umsgagnar

Dr. Grétar Þór Eyþórsson forstöðumaður Bygðarannsóknastofnunar
Hjalti Jóhannesson landfræðingur